

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 13. Ágúst 2015
UST201506-255/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 við hótél Reykjahlíð.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 -2023 á lóð hótels Reykjahlíðar.

Hótél Reykjahlíð er staðsett innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en allar framkvæmdir innan þess eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. lög um um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004.

Stækkun á hótélreit fyrir hótél Reykjahlíð

Reitur hótels Reykjahlíðar sem er skilgreindur sem verslun og þjónusta er í núgildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps alls 0,59 ha. Í lýsingu kemur fram að ætlunin er að stækka reit verslunar og þjónustu í 0,81 ha. Umhverfisstofnun bendir á að hótelið er staðsett 50 m frá bakka Mývatns. Hótelið er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sem er 200 metra breiður bakki meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að lífríki Mývatns er undir miklu álagi og breytinga hefur orðið vart í vatninu undanfarin ár. Verndarsvæðið hefur verið á lista Umhverfisstofnunar yfir friðlýst svæði sem eiga á hættu að verndargildið skerðist frá árinu 2010 og á rauðum lista Umhverfisstofnunar frá árinu 2012 og eru ástæður þess m.a. að mikill ferðamannastraumur eykur álag á vistkerfi svæðisins, kúluskítur sem er friðlýst tegund virðist vera horfin úr vatninu og er talið að næringarefnaauðgun af mannavöldum sé ein skýring hvarfsins, auk þess sem bleikja er á undanhaldi á svæðinu. Í skýrslu sem gefin er út af Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn „The lake balls of Mývatn in memoriam“, kemur fram í útdrætti á íslensku: *"Eina raunhæfa leiðin til að snúa þeirri óheillaþróun (þ.e. hvarf kúluskíts) við sem hér hefur verið lýst er sú að takmarka sem mest má verða að næringarefni (N og P) berist í grunnvatn og þaðan út í Mývatn. Næringarefni berast frá mannabyggð, skepnuhaldi, ræktun gróðurs og vinnslu dýraafurða og áður fyrr frá námuvinnslu kísilgúrverksmiðjunnar. Taka þarf þessi mál einkum frárennsli frá byggð og gististöðum til gagn Gerrar endurskoðunar."*

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að frárennsli jafnt frá núverandi hóteli og fyrirhugaðri stækkun, skal standast reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár þar sem um er að ræða viðkvæman viðtaka, og þar sem um atvinnustarfsemi er að ræða. Mikilvægt er að í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps komi fram hvernig áætlað er að leysa frárennslismál fyrir umrætt hótél. Umhverfisstofnun bendir á að hægt væri að setja tímasett markmið um áætlaðar framkvæmdir og hvernig staðið verði að því að hreinsa frárennsli frá fyrirhugaðri starfsemi. Umhverfisstofnun bendir á að frárennslismál núverandi hótels eru ekki fullnægjandi og mjög mikilvægt að úr því verði leyst sem fyrst.

Stækkun hótels Reykjahlíðar

Í lýsingu koma ekki fram upplýsingar um hversu mikil stækkun er fyrirhuguð á hótél Reykjahlíð, en skv. ítagögnum er borist hafa stofnuninni er stækkunin áætluð alls 1900 m², en hótelið er í dag 544 m². Að mati Umhverfisstofnunar kann áætlun um stækkun hótels svo nærri vatni með því raski er fylgir byggingarframkvæmdum að hafa neikvæð áhrif á verndargildi bakka Mývatns og það lífríki er lögum nr. 97/2004 er ætlað að vernda. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu.

Verndaráætlun

Í verndaráætlun Mývatns og Laxár er sett fram það markmið að ferðaþjónusta á svæðinu verði sjálfbær. Í áætluninni kemur fram listi yfir aðgerðir sem stuðla að markmiðinu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að horfa til þeirra markmiða við gerð áætlana um framkvæmdir.

Áhrif á ásjúnd


Skv. 1. gr. reglugerðar nr. 665/2012 skal vernda landslag svæðisins. Stækkun hótels Reykjahlíðar mun hafa áhrif á ásjúnd svæðisins umhverfis hótél Reykjahlíð og mögulega áhrif á ásjúnd vatnsins þar sem nálægðin við það er mikil.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur hér að ofan bent á atriði sem mikilvægt er að upplýsingar komi um í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps á reit hótels Reykjahlíðar. Að mati stofnunarinnar eru þetta nauðsynlegar upplýsingar svo hægt sé að taka afstöðu til ofangreindrar breytingar. Að mati stofnunarinnar þarf að sýna fram á það hvernig fyrirhuguð stækkun samrýmist þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum og reglugerðum um Mývatn og Laxá og verndaráætlun svæðisins. Svæðið hefur verið á rauðum lista stofnunarinnar frá árinu 2012 m.a. vegna mikils ágangs ferðamanna og næringarefnaauðgunar í vatninu. Tryggja þarf að vatnsgæði Mývatns rýrni ekki umfram það sem nú þegar er orðið. Umhverfisstofnun bendir á að frárennslismál núverandi hótels eru ekki fullnægjandi. Áður en hugað er að frekari stækkun þurfa að koma fram tímasett markmið um að uppfæra fráveitumál svo þau standist þær reglugerðir sem farið hefur verið yfir hér að framan. Ekki þarf að hafa fleiri orð um mikilvægi Mývatns á lands- og heimsvísu enda hefur svæðið að geyma viðkvæm vistkerfi, gróðursvæði og jarðmyndanir sem sátt er um að vernda til framtíðar.

Núgildandi aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 – 2023 var undirritað þann 7. desember 2012. Í því aðalskipulagi er byggingarmagn á reit hótels Reykjahlíðar aukið til að tryggja rekstrargrundvöll hótelsins. Að mati Umhverfisstofnunar eru nokkuð rúmir skilmálar í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins bæði hvað varðar reit umhverfis hótelið og hvað varðar aukningu á byggingarmagni..

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri